

MATARHLÉ



Að þessu sinni er það Bjarni Thorarensen Jóhannsson hjá skipulagsdeild Akureyrarbæjar sem gefur lýsingu á því hvernig jólamatseðillinn var á heimili hans og bætir við að þetta sé veisla sem hæglega megi slá upp á öllum stórhátíðum. Í forrétt er humarsúpa, aðalrétturinn er hamborgarhryggur og í eftirrétt er „súkkulaðitera a la grande“ en það verður að bíða betri tíma að birta uppskriftina að henni. Bjarni skorar á Huldu Signýju Gylfadóttur, skólástjóra grunnskólans í Grímsey, að koma með uppskrift í næsta blað um leið og hann býður hana velkomna í hóp starfsmanna Akureyrarbæjar.

HUMARSÚPA FYRIR SEX

Hráefni: Aðferð:

18 stk. humarhalar
2 ½ l vatn
1 gulrót
1 selleristilkur
1 lítill laukur
1 lárviðarlauf
10 heil piparkorn
2 msk tómatmauk
2 dl hvítvín (1 lítill flaska)
2 msk humarsúpukraftur
(oscar... slatti)
Cheyennepipar á hnífisoddi
2 hvítlauksgeirar
2 ½ dl rjómi
Skvetta af koniaki

Takið humarinn úr skeljunum. Brúnið skeljamar í olíu í stórum potti þar til þær eru gullbrúnar.
Grófsaxið lauk, sellerí og gulrætur og setjið út í pottinn ásamt tómatmaukinu. Látið krauma í smástund.
Bætið við vatni ásamt afganginum af hráefninu í soduppskriftinni. Sjóðið upp og fleytið froðunni af. Látið sjóða við vægan hita í 4-5 klst.
Sigtíð soðið frá, (mælið svo upp 1,5 lítra) og bakið upp með smjörbollunni.
Bætið rjómanum saman við og bragðbætið með salti, pipar, og humarsúpukraftinum ef þurfa þykir. Setið svo skvettu af koniaki út í rétt áður en borið er fram.
Þegar búið er að ausa súpunni í súpuskál, þá skal setja humarinn út i...láta hann eldast í súpunni (ekki yfir hita).

HAMBORGARHRYGGUR SJEANG!

Hráefni:

1,5-2,0 kg hamborgarhryggur með beini
2 l vatn
2 dl rauðvín
1 laukur
1 selleristilkur
U.þ.b. 10 svört piparkorn
4 negulnaglar

Aðferð:

Setjið hamborgarhrygginn í vatn ásamt víni, gróft söxuðu grænmeti, pipar og negul. Látið suðuna koma rólega upp og sjóðið við vægan hita í 40 mín. Takið hrygginn úr vatninu og látið kólna í 20 mín. Skerið af beininu og setjið á grind

Verði ykkur að góðu!

GOTT AÐ VITA

Rafrænrir launaseðlar á starfsmannavefnum www.eg.akureyri.is

Athygli er vakin á því að frá og með 15. janúar 2010 verða launaseðlar ekki lengur sendir í heimabanka.

Launaseðlar verða áfram aðgengilegir á starfsmannavefnum
www.eg.akureyri.is.

Á starfsmannavefnum getur starfsfólk skoðað:

- rafræna launaseðla
- stöðu orlofs
- stöðu veikindadaga
- reikninga frá Akureyrarbæ, s.s. fyrir fasteignagjöld, leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla
- yfirlit yfir námskeið

Einnig getur starfsfólk skráð og breytt upplýsingum um t.a.m. náms- og starfsferil, aðsetur, símanúmer og bankaupplýsingar.

Sækja þarf um lykilorð á vefnum www.eg.akureyri.is. Starfsfólk getur valið um að fá lykilorðið sent í heimabanka eða að sækja það til starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, 1. hæð.

Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbókinni: <http://akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannavefur/> og hjá starfsmannaþjónustu í síma: 460 1060.



Kyrrlátur nóvemberdagur við Eyjafjörð. Mynd: Ragnar Hólm.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

7. tbl. 4. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR janúar 2010



Ágætu samstarfsmenn,

Bestu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu 2009.

Nýliðið ár var erfitt fyrir íslenska þjóð, vandamálin sem við er að glíma eru stærri en þjóðin hefur áður staðið frammi fyrir og hart hefur verið tekist á um hvert stefna skuli. Hægt og bitandi hafa línur þó skýrst og ljóst er að verstu spár um afleiðingar kreppunnar hér á landi munu ekki ganga eftir.

Þegar horft er til Akureyrarbæjar má fullyrða að vel hafi tekist að bregðast við afleiðingum bankahrunsins síðla árs 2008. Meginmarkmiðið var að laga rekstur bæjarins að breyttum forsendum þannig að útgjöld yrðu í samræmi við tekjur. Samhlíða er áhersla lögð á að vernda grunnþjónustu sveitarfélagsins, að koma í veg fyrir að sú góða þjónusta sem hér er í boði glatist og vernda þau störf sem unnin eru á vegum bæjarins.

Það er skemmt frá því að segja að vel hefur gengið að ná þessum markmiðum eins og fjárhagsáætlun ársins 2010 sýnir. Þar með er hamlað gegn skuldaaukningu og komið í veg fyrir að við veltum okkar vanda yfir á þá sem hér munu lifa og starfa á næstu árum. Þetta hefur tekist með aðhaldi og sparsemi á öllum sviðum. Einnig hefur þróun tekna sveitarfélagsins verið okkur hagfelldari en við gátum leyft okkur að vona þegar lagt var upp í þessa vegferð.

Akureyringar hafa staðið saman og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu bæjaryfirvalda hafa mætt skilningi starfsmanna og íbúa. Það skiptir miklu að standa saman og taka sameiginlega á þegar á móti blæs og það hefur að mínu mati sannast á því hve vel hefur gengið að takast á við kreppuna og afleiðingar hennar hér á Akureyri. Takist okkur að vinna áfram með sama hætti þá mun okkur vel farnast. Gleðilegt nýtt ár!

Hermann Jón Tómasson,
bæjarstjóri

GAMLA MYNDIN



Myndin að ofan er tekin á gamlárskvöld á Akureyri, endur fyrir löngu, og spurt er: Við hvaða hús stóð ljósmyndarinn þegar þessi áramótamynd var tekin? Sendið okkur lausnina sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is - ekki draga að senda svarið því þá gæti það gleymst. Dregið verður úr innsendum lausnum og í verðlaun fyrir rétt svar er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Í síðasta tölublaði var birt mynd af húsi sem verið var að rífa og spurt hvaða hús það væri og hvenær það hafi verið rífið. Ritstjórn Innanbæjarkrónikunnar var kölluð saman á fund til að fara yfir innsendar lausnir og draga eina úr hattinum að viðstöddum vottum. Þegar kíkt var ofan í hattinn kom í ljós að þar lá bara einn miði og svarið á honum var rétt. Sendandi er Brynja Björk Pálsdóttir hjá íbúaskrá Akureyrarbæjar sem skrifar:

„Hafnarstræti 97, Bókabúðin Huld sem áður var Bókabúð Rikku. Þarna norðan við sést í Amaróhúsið. Veggur sunnan við er nyrsti hluti af KEA-viðbyggingu. Þarna er veggur í byggingu að vestan og ég tel að hann hafi verið byggður til að brekkan færi ekki í miðbæinn. Krónan er sögð byggð 1992, þannig að húsið gæti hafa verið rífið c.a. 1990-1991.“


Fyrir rétt svar fær Brynja að launum 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Vegna dræmrar þátttöku í getraunaleiknum okkar um gömlu myndina, mun ritstjórn Innanbæjarkrónikunnar taka fyrir á næsta fundi sínum hvort hætta eigi með þennan þátt í starfsmannafréttum, um leið og ýmsar fleiri breytingar verða gerðar á blaðinu. Þeir sem vilja halda þættinum gangandi eru því hvattir til að senda inn lausn við spurningu þessa tölublaðs eða senda okkur línu á netfangið akureyri@akureyri.is með ósk um að leiknum verði áfram haldið.

MOLAR

Starfsmannakönnun í byrjun janúar

Könnun á starfsumhverfi og líðan starfsmanna Akureyrarbæjar, sem áætlað var að yrði framkvæmd í lok nóvember, hefur frestast fram í janúar. Ástæðan er sú að verkefnið hefur stækkað töluvert og við fengið til liðs við okkur Hjördísi Sigursteinsdóttur sérfræðing við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Könnunin er liður í doktorsverkefni Hjördísar og þess vegna hefur þurft að aðlaga könnunina þannig að hægt verði að bera niðurstöður saman við önnur sveitafélög og lönd. Hjördís mun leggja þessa sömu könnun fyrir víðsvegar um allt land auk þess sem hún kemur til með að fylgja henni eftir næstu árin á tímum efnahagsþrenginga. Við teljum okkur þess vegna hafa verið heppin að fá hana til liðs við okkur. Starfsfólk er hvatt til þess að taka þátt í könnuninni þar sem niðurstöður hennar koma til með að stuðla að bættu starfsumhverfi fyrir okkur öll.



Á skíðum skemmti ég mér...

Minnt er á að starfsfólk Akureyrarbæjar getur rennt sér í Hlíðarfjalli á afsláttarkjörum og fær vetrarkort á 18.000 kr. í stað 23.000 kr. Þetta er sama verð og gildir ef fjórir taka sig saman um að kaupa vetrarkort. Allar nánari upplýsingar um afslátt í lyfturnar í Hlíðarfjalli er að finna í Starfsmannahandbókinni á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/tilbod/>.

Skíðavertíðin hófst í Hlíðarfjalli 28. nóvember sl. og að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins, hefur verið gott færi það sem af er. Guðmundur Karl hvetur samstarfsfólk sitt hjá Akureyrarbæ til þess að nýta sér þennan góða afslátt á vetrarkortum í Fjallið því fátt er jafn hollt og skemmtilegt og að renna sér á skíðum í faðmi fjallanna.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Eflaust kannast margir gestir Sundlaugar Akureyrar við Guðmund Karlsson sem er baðvörður þar, fylgist með því að allt fari vel fram á svæðinu og að öll umgengni sé til fyrirmyndar. Auk þess að vinna við sundlaugina segist Guðmundur reka lítið reykhus sér til skemmtunar.

Hvaðan ertu? Frá Akureyri.

Fjölskylduhagir? Ég er giftur og með eina átta ára prinsessu.

Helstu áhugamál? Að reykja góðan fisk og kjöt.

Hvað er skemmtilegast að gera og hvað leiðinlegast? Að vinna finnst mér skemmtilegast en óstundvísi þoli ég illa.

Hvaða bók lastu síðast og var hún góð? Hef ekki haft tíma til að lesa undanfarið. Ég les bara blöðin.

Uppáhaldstónlist? Gamalt rokk frá 1970-1980.

Uppáhaldsmatur? Tælenskur matur.

Hvað finnst þér best við að búa á Akureyri? Á Akureyri er allt á sama stað. Stuttar vegalengdir.

Hvernig væri hægt að gera góðan bæ betri? Með því að halda fastar utan um peningamálin.

Áramótaheit? Vera betri maður á næsta ári.

Kreppuráð? Fara vel með og sýna aðhald.